

Almennar upplýsingar fyrir höfunda og útgefendur um innsetningu efnis á Rafbókasafnið

Til höfunda:

Það eru nokkrar leiðir í boði til að koma efni sínu inn á Rafbókasafnið. Overdrive vilja helst einungis vera í samskiptum við útgefendur en eru þó tilbúnir að eiga í samstarfi við þá rithöfunda sem eiga efnið sitt og eru með amk. 10 titla sem þeir geta sett inn. Fyrir þá tiltekna höfunda eiga neðangreindar upplýsingar „til útgefenda“ við.

Hinsvegar eru margar aðrar leiðir í boði til þess að koma efni sínu inn á Rafbókasafnið. Til eru nokkrar þjónustur sem virkar eins og dreifingaraðilar og aðstoða rithöfunda meðal annars við að koma sínu efni inn á Rafbókasafnið. Þessar þjónustur eru sem dæmi:

Bookwire – Dreifingaraðili hljóðbóka og rafbóka. <https://www.bookwire.net/>

Publish Drive – Dreifingaraðili hljóðbóka og rafbóka. <https://publishdrive.com/publish-to-overdrive.html>

Findaway – Í eigu spotify og er aðeins notað til þess að dreifa hljóðbókum. Virkar þannig að réttur er seldur til eigu. [Findaway Voices by Spotify - Sell your Audiobooks everywhere, earn everywhere.](#)

Til útgefenda:

Overdrive útvegar excel skjal þar sem þarf að fylla inn vissar upplýsingar til þess að koma efni sínu inn á innkaupatorg Overdrive (marketplace) en þar festa bókasöfnin kaup á bókum fyrir Rafbókasafnið.

Tengiliður útgefanda við Overdrive heitir Laurelie Schrab og er hún alltaf viðbúin að aðstoða ef þið eruð með einhverjar spurningar. Netfang: Laurelie Schrab lschrab@overdrive.com.

Almennar leiðbeiningar um excel skjalið:

1. Skoða skal bæði „Instruction and Guide“ og Metadata Template“ í Excel skjalinu fyrir frekari leiðbeiningar. Overdrive tekur við **EPUB , EPUB 3, Open EPUB, fixed-layout EPUB, PDF, MP3** eða **WAV, JPG** minnst 680 pixel á lengri hlið.
2. Skjalið skiptist í nokkra dálka „Instructions and Guide“ þar sem almennar upplýsingar um útfyllingu á skjalinu er að finna, „Metadata Template“ þar sem fylla skal út þær upplýsingar sem þarf fyrir viðeigandi bók, „Overdrive Countries“ nöfn á þeim löndum sem eru aðilar að Overdrive og landskóðar þeirra. Til viðbótar við þessa dálka eru tveir aðrir dálkar í hljóðbóka skjalinu. „MediaMarker Information“ eru útskýringar á hvernig á

að fylla út upplýsingar um hluta í hljóðbók og „MediaMarker Template“ þar sem á að fylla út viðeigandi upplýsingar fyrir hljóðbækurnar.

Instructions and Guide © 2020

Metadata Template © 2020

OverDrive Countries © 2020

Instructions and Guide © 2020

Metadata Template © 2020

MediaMarker Information © 2020

MediaMarker Template © 2020

OverDrive Countries © 2020

3. Hver titill þarf að vera í sér línu í skjalinu, hægt er að smella á dálkaheiti í “Metadata template” til þess að fá ítarlegri upplýsingar um hvað þarf að vera í dálkinum. Sumir dálkar bjóða upp á fellilista.
4. Eftirfarandir útskýringar eiga við um reiti í excel skjalinu frá Overdrive. Íslenskar útskýringar fylgja í rauðu. Það eru örfáir reitir í excel skjalinu sem er nauðsynlegt að fylla út. Aðrir reitir eru valreitir og eru aðeins ætlaðir til þess að auðga gögnin fyrir bækurnar, þ.e.a.s. lýsigögn. Tilgangur lýsigagna er að auðvelda notanda að finna þau gögn sem hann leitar að. Því betri lýsigögn því sýnilegra og leitarbærara er efnið. Tekið er fram ef reitur á aðeins við um hljóðbækur eða rafbækur.

Skyldureitir:

Source File Name – **Skrárheiti á bók (EPUB, PDF), öll runan, þ.e.a.s. titill.pdf eða titill.epub. (Á aðeins við um rafbækur).**

Title – **Titill.**

Audiobook edition – **Útgáfa, „Abridged“ þýðir að búið sé að stytta hljóðbókina, aðalatriði dregin út frá upprunalegri prentútgáfu bókar. „Unabridged“ þýðir óbreytt frá upprunalegri útgáfu. (Á aðeins við um hljóðbækur).**

Creator1 Name – **Höfundur.**

Creator1 Role – **Hlutverk höfundar, fellilisti.**

Publisher – **Útgefandi.**

Library SRP – **Verð.**

Currency – **Gjaldmiðill.**

OnSale date – **Dagsetning sölu, MM/DD/ÁÁÁÁ, dagsetningin sem efnið á að vera tiltækt fyrir notendur.**

Language – **Tungumál, fellilisti.**

GeoRights – **Landfræðileg réttindi (hér eru sett inn þau lönd þar sem sala á bókum er leyfð) nota skal tveggja stafa landskóða, IS fyrir Ísland, DK fyrir Danmörk o.frv.. Ef engin takmörk skal skrifa „World“.**

Short Description – **Stutt lýsing á bókinni ekki fleiri en 3750 stafir. Það þarf að nota HTML til þess að breyta um snið texta, svo sem <i></i> eða <p></p>.**

CoverFile name – **Skrárheiti á kápu, dæmi titill.jpg.**

Skyldureitir ef við á:

SubTitle – Undirtitill, ef texti kemur eftir tvípunkt í titli skal setja hann í undirtitil.

Edition – Útgáfa.

Series – Ritröð, ef titill er hluti af ritröð koma hér upplýsingar um það sem er sameiginlegt fyrir alla ritröðina. Sem dæmi „Ísfólkið“.

PubDate – Dagsetning útgáfu, MM/DD/ÁÁÁÁ, dagsetningin á hvenær bókin var fyrst gefin út.

Aðrir reitir sem hægt er að fylla út til þess að auðga lýsigögnin (val):

Gulir reitir –

Creator 2-4 – Höfundur, hægt að setja inn myndhöfunda, þýðendur, lesara o.fl.

Creator Role 2-4 – Hlutverk viðeigandi höfundar.

Grænir reitir

Subjects – Efnisorð, fellilisti er í boði sem auðveldar að fylla út þessa reiti. Nauðsynlegt er að hafa a.m.k. 2 efnisorð. BISAC og BIC reitir í boði fyrir þá sem það nota.

Library Only – Aðeins til sölu fyrir bókasöfn. Merkja skal Y í reitinn ef við á.

DRM-Free – DRM stendur fyrir Digital Rights Management og er stafræn réttindavernd. Merkja skal Y í reitinn ef á að vera með aðgangsstýringu á efninu.

Bláir reitir

Retail/Library ISBN – Aðeins skal fylla út þessa reiti ef til er „e-ISBN“ ekki skal nota prent/CD ISBN.

Hvítir reitir

ReviewSource – Hver skrifaði ritdóminn (höfundur/útgefandi), ekki fleiri en 255 stafir.

ReviewContent – Ritdómur, ekki fleiri en 4000 stafir.

OtherFormat – Önnur færslusnið, hljóðbók, DVD, prent.

OtherFormatISBN – ISBN annara færslusniða, hér getur ISBN á prentútgáfu komið fram.